



Endurskoðun mannfjölda í Vinnumarkaðsrannsókn

Review of population in the Labour Force Survey

Samantekt

Mat á mannfjölda í Vinnumarkaðsrannsókn hefur verið uppfært aftur til ársins 2011 í samræmi við nýja útgáfu og nýtt mat á íbúafjölda á Íslandi, sjá [Greinargerð - íbúafjöldi](#). Staðið hefur verið frammi fyrir áskorunum undanfarin ár varðandi niðurstöður rannsóknarinnar vegna misræmis í mannfjöldatölum þar sem sumir einstaklingar skráðir í þjóðskrá búa erlendis. Leiðréttingin leiddi í ljós ofmat og hefur áætlaður mannfjöldi til dæmis verið ofmetinn undanfarin tvö ár. Nýju tölurnar sýna þó ekki mikil áhrif á hlutfalls- og meðaltöl umfram það sem gera mátti ráð fyrir.

Um Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR) er hluti alþjóðlegrar gagnasöfnunar evrópska hagskýrslusamstarfsins (ESS) sem stjórnað er af Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Áhersla er á að aðferðir við gagnasöfnun og úrvinnslu séu samræmdar á milli Evrópulanda með það að markmiði að tryggja sambærileika niðurstaðna á milli þeirra. Saga VMR nær aftur til ársins 1991 þegar Hagstofan hóf reglubundnar rannsóknir á íslensku vinnuafli vegna skorts á haldbærum og greinargóðum gögnum um íslenskan vinnumarkað. Markmið VMR frá upphafi hefur verið að veita sem ítarlegastar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað; atvinnuþátttöku, störf, atvinnugreinar, atvinnuleysi, vinnutíma og aðra þætti sem hægt er að greina eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og fleiri þáttum sem snerta þýðið allt.

Áskoranir í úrtaksgerð

Frá árinu 2003 hefur VMR verið framkvæmd samfelld allar vikur árið um kring og hefur hún frá upphafi verið stærsta úrtaksrannsókn Hagstofu Íslands sem dregin er úr þjóðskrá. Í hverjum ársfjórðungi eru nú rúmlega 5.000 manns á aldrinum 16–74 ára í úrtaki. Hverjum ársfjórðungi er skipt upp í 13 vikna tímabil og úrtakinu skipt jafnt niður á allar vikurnar. Þýði VMR eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili og eru búsettir á Íslandi í viðmiðunarvikunni rannsóknarinnar. Úrtakið til þessa hefur verið valið með einfaldri slembiaðferð. Gagna er aflað með símaviðtölum við þátttakendur þar sem hver og einn er spurður um vinnutengda hegðun og einstaklingsbundna þætti í viðmiðunarvikunni rannsóknarinnar. Auk þessa er lýðfræðilegra gagna aflað úr þjóðskrá. Vart þarf að taka það fram að nákvæmni íbúafjölda skiptir talsverðu máli þegar niðurstöður VMR eru birtar, bæði hvað varðar stærð vinnumarkaðar og hlutföll.

Hingað til hefur mat á mannfjölda í VMR verið byggt á talningu úr íbúaskrá þjóðskrár. Í þeirri skrá má hins vegar finna hóp fólks sem í raun hefur aðsetur erlendis. Til dæmis eru ljóst að í íbúaskrá þjóðskrár eru einstaklingar sem ekki búa á landinu vegna þess að þau stunda nám eða vinnu erlendis. Á sama tíma er ljóst að fólk breytir


ekki skráðu aðsetri sínu þótt það búi lengur en sex mánuði erlendis eða er jafnvel flutt varanlega úr landi. Dæmi um þetta gæti verið tímabundið vinnuafli sem flutt hefur til Íslands og svo aftur frá landinu en er þó enn skráð með heimili á Íslandi. Skýrist það meðal annars af því að oftast er ekki er takmarkaður ávinningur fyrir einstaklinga af því að skrá sig úr landi yfirgefi þeir landið. Þá fer ekki fram sérstakt eftirlit með réttri skráningu á heimili.

Vanskráning úr landi í íbúaskrá Þjóðskrár hefur þýðingu fyrir úrtak VMR, og raunar allar úrtaksrannsóknir, vegna þess að einstaklingar geta dregist í úrtak þrátt fyrir að hafa ekki raunverulega búsetu á landinu. Sé íbúaskrá Þjóðskrár notuð kemur ekki í ljós fyrr en reynt er að hafa samband við viðkomandi í gagnasöfnun að ekki hefði átt að telja þá einstaklinga með þar sem þeir reynast ekki með búsetu á landinu. Sem sagt, sé þessi hópur ekki dreginn frá íbúaskránni áður en úrtakið er tekið skapar það misræmi í mat á heildarstærðum. Metinn fjöldi samkvæmt VMR rímar þannig ekki við „raunveruleikann“ vegna þess að skráningin í Þjóðskrá er ekki í samræmi við raunverulegan íbúafjölda landsins. Ofskráning í íbúa í Þjóðskrá veldur því að gagnasöfnun verður óskilvirkari, þar sem reynt er að ná sambandi við alla í úrtakinu en sumir þeirra eru ekki búsettir á landinu. Þetta leiðir til þess að ekki næst að hafa samband við alla í úrtakinu innan tilskilins tíma. Ofskráningin veldur því einnig að hlutfallstölur fyrir mannfjöldann (eða hlutmengi hans) verða ónákvæmari og jafnvel bjagaðar, sérstaklega fyrir hópa sem eru líklegri til að vera ofskráðir í Þjóðskrá eins og fólk með erlendan uppruna.

Fram til þessa hefur verið reynt að leiðrétta fyrir þessu misræmi í skráningu mannfjölda með upplýsingum sem fengnar eru úr sjálfri rannsókninni. Þær upplýsingar hafa verið notaðar til að leiðrétta mannfjöldatöluna sem lögð er til grundvallar fyrir útreikninga á helstu niðurstöðum VMR. Við gagnasöfnun í VMR kemur fyrir að spyrjar fá upplýsingar um að einstaklingur í úrtaki sé í raun ekki lengur búsettur á Íslandi og ætti því ekki að vera hluti af markþýði rannsóknarinnar. Þær upplýsingar eru þá skráðar og síðar notaðar til þess að leiðrétta mannfjöldatölu frá Þjóðskrá. Sögulega séð hafa þetta ekki verið mörg tilvik í hverjum mánuði en þessi fáu tilvik geta þó valdið því að mat á mannfjölda getur sveiflast nokkuð frá einni könnun til annarrar. Til að stemma stigu við þessum sveiflum í metnum mannfjölda á milli mánaða hefur verið reiknaður leiðréttingarstuðull fyrir mismunandi hópa mannfjöldans. Leiðréttingin byggir á uppsöfnuðum upplýsingum síðustu sex ára um nokkra hópa. Hóparnir eru skilgreindir út frá aldri, kyni og bakgrunni (það er hvort viðkomandi hafi einhvern erlendan bakgrunn eða ekki). Stuðlarnir hafa svo verið nýttir til að „fínstillast“ þessa hópa í mannfjöldanum til að fá stöðugra mat á mannfjölda fyrir VMR.

Mynd. 1 Mannfjöldamat 16–74 ára – Leiðrétt eftir hverja könnun samanborið við leiðrétt með 6 ára uppsöfnuðum upplýsingum.

Figure 1: Population estimate for ages 16–74 – Corrected after each survey compared to with 6 years of accumulated information.



Ástæður endurmats íbúafjölda í VMR

Á fyrstu þrettán árum VMR má vel segja að svarhlutfall VMR hafi verið mjög gott eða um og yfir 80% svörun. Undanfarin ár hefur þó svarhlutfallið lækkað verulega sem skýrist að stóru leyti af því að skráðum símanúmerum hefur fækkað talsvert og heimasímar heyra nánast sögunni til. Þetta hefur þá þýðingu að við gagnasöfnun VMR fást ekki lengur upplýsingar um það hvort viðkomandi aðili sem reynt var að ná í sé búsettur á landinu eða ekki. Þetta hefur dregið úr getu Hagstofunnar til þess að leiðrétta mannfjölda með upplýsingum úr rannsókninni sjálfri þar sem magn og gæði þeirra upplýsinga sem Hagstofan fékk áður við úthringingu rannsóknarinnar hefur minnkað.

Í mars 2024 birti Hagstofan mannfjöldagögn þar sem ný aðferð byggð á breiðari grunni opinberra gagna var notuð til að meta íbúafjölda landsins (sjá nánar [Greinargerð - íbúafjöldi](#)). Aðferðin sem innleidd var í íbúatölur Hagstofu vorið 2024 notar breiðan grunn opinberra gagna til að meta hvort einstaklingar búi raunverulega í landinu eða ekki. Við þetta mat eru *skattagögn* og *nemendagögn* auk þjóðskrár nú lögð til grundvallar við matið. Þetta endurmat nær þó aðeins aftur til ársins 2011 sem er ástæða þess að nýtt endurmat í VMR mun ekki ná lengra aftur í tímann, allavega enn sem komið er.

Niðurstöður breyttrar aðferðar

Helstu niðurstöður nýs mats á mannfjölda í VMR eru að leiðrétting með upplýsingum úr könnuninni sjálfri hefur ofmetið mannfjölda 16–74 ára í kringum 4.500 manns síðastliðin tvö ár samanborið við nýtt mat á íbúafjölda Íslands, eins og búist var við. Fyrir þann tíma er kerfisbundið ofmat ekki til staðar þótt vissulega megi sjá sveiflur í samræmingu nýju matsaðferðarinnar við eldri aðferðar til leiðréttingar á grundvelli gagna úr könnuninni sjálfri. Almennt má segja að ljóst sé að nýtt mat á íbúafjölda í VMR hafi áhrif á fjöldatölur og að þau áhrif séu meiri eftir því sem tölur eru nýrri. Þegar leiðréttingin er greind eftir helstu bakgrunnsbreytum sem notaðar eru í VMR sést að algengt er að fjöldi karla hafi verið ofmetinn og fjöldi kvenna á stundum verið vanmetinn. Þegar á heildina er litið er kerfisbundinn munur eftir aldurshópnum varla merkjanlegur svo nokkru nemi en síðustu tvö ár hefur borið á meira ofmati á fjölda fólks á aldrinum 30 til 60 ára og lítillegu vanmati á yngri hópum. Rétt er að taka fram að ný aðferð við mat á mannfjölda getur haft þýðingu fyrir vogir sem notaðar eru í VMR en aðferðafræði við gerð voga er sú sama yfir allt tímabilið. Við fyrstu skoðun sést þó að áhrif á hlutfallstölur og meðaltöl, sem reiknuð eru með þessum vogum, eru ekki mikil. Að þessu sögðu stendur yfir vinna við endurskoðun voga í VMR sem greint verður frá síðar.

Tafla. 1 Samanburður fyrir 3. ársfjórðung 2024 á áður birtum og endurmetnum fjöldataölum

Table 1: Comparison for the third quarter of 2024 between previously published figures and revised population estimates


			Vinnuafli Labour force	Starfandi Employed	Atvinnulausir Unemployed	Í fullu starfi Full time	Í hlutastarfi Part time	Launþegar Employees	Sjálfstætt starfandi Self- employed
Karlur og konur Men and women	16-74 ára years	Áður birt Previous estimate	244.000	236.800	7.300	183.200	53.600	204.300	31.800
		Ný áætlun New estimate	241.300	234.300	7.000	180.600	53.600	203.300	30.900
16-24 ára years	16-24 ára years	Áður birt Previous estimate	38.500	35.800	2.600	19.300	16.500	35.000	900
		Ný áætlun New estimate	39.400	36.800	2.600	19.600	17.200	35.900	900
25-64 ára years	25-64 ára years	Áður birt Previous estimate	193.200	188.700	4.500	155.600	33.100	161.100	27.100
		Ný áætlun New estimate	189.200	185.000	4.200	152.700	32.300	159.000	26.000

Tafla. 2 Samanburður fyrir 3. ársfjórðung 2024 á áður birtum og endurmetnum hlutfall og meðaltölum


Table 2: Comparison for the third quarter of 2024 between previously published and revised percentage and average figures

			Atvinnuþátttaka Activity rate	Hlutfall starfandi Employment rate	Atvinnuleysi Unemployment	Heildar- vinnustundir Working hours	Vinnustundir fullt starf Hours full time	Vinnustundir hlutastarf Hours part time	Venjulegar vinnustundir Usual hours
Karlur og konur Men and women	16-74 ára years	Áður birt Previous estimate	83,8	81,3	3,0	38,1	41,8	24,0	38,9
		Ný áætlun New estimate	84,2	81,7	2,9	37,8	41,6	24,1	38,8
16-24 ára years	16-24 ára years	Áður birt Previous estimate	87,0	81,1	6,8	32,2	42,3	20,0	31,4
		Ný áætlun New estimate	87,3	81,5	6,6	32,2	42,4	20,3	31,2
25-64 ára years	25-64 ára years	Áður birt Previous estimate	91,1	89,0	2,3	39,4	41,8	26,4	40,5
		Ný áætlun New estimate	91,6	89,6	2,2	39,2	41,5	26,5	40,4

Mynd. 2 Mannfjöldamat 16–74 ára – Áður birt mat á íbúafjölda samanborið við nýtt mat á íbúafjölda
 Figure 2: Population estimate for ages 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate



Mynd. 3 Mannfjöldamat 16–74 ára karlar – Áður birt mat á íbúafjölda karla samanborið við nýtt mat á íbúafjölda karla
 Figure 3: Population estimate for men aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 4 Mannfjöldamat 16–74 ára konur – Áður birt mat á íbúafjölda kvenna samanborið við nýtt mat á íbúafjölda kvenna
 Figure 4: Population estimate for women aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 5 Atvinnuþátttaka 16–74 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 5: Labor force participation for ages 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 6 Atvinnuþátttaka karla 16–74 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 6: Labor force participation for men aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 7 Atvinnuþátttaka kvenna 16–74 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 7: Labor force participation for women aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 8 Atvinnuþátttaka ungs fólks 16–24 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 8: Labor force participation for young people aged 16–24 – Previously published estimate compared to the new estimate



Mynd. 9 Atvinnuþátttaka 25–64 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 9: Labor force participation for ages 25–64 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 10 Atvinnuleysi 16–74 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 10: Unemployment for ages 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 11 Atvinnuleysi 16–74 ára karla – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 11: Unemployment for men aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 12 Atvinnuleysi 16–74 ára kvenna – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 12: Unemployment for women aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 13 Atvinnuleysi 16–24 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 13: Unemployment for ages 16–24 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 14 Atvinnuleysi 25–64 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 14: Unemployment for ages 25–64 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 15 Vinnustundir 16–74 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 15: Working hours for ages 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 16 Vinnustundir 16–74 ára karla – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 16: Working hours for men aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 17 Vinnustundir 16–74 ára kvenna – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 17: Working hours for women aged 16–74 – Previously published estimate compared to the new estimate




Mynd. 18 Vinnustundir 16–24 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 18: Working hours for ages 16–24 – Previously published estimate compared to the new estimate



Mynd. 19 Vinnustundir 25–64 ára – Samanburður á áður birtum tölum og nýrri íbúavog

Figure 19: Working hours for ages 25–64 – Previously published estimate compared to the new estimate



English summary

The Icelandic Labour Force Survey (*IS-LFS*) is part of The European Statistical System led by Eurostat. It aims to ensure comparable results across participating countries. The IS-LFS provides a detailed information on the Icelandic labour force and the labor market, including employment, unemployment, and working hours, analyzed by various demographics.

Since 2003, IS-LFS has been conducted continuously, with a sample of over 5,000 individuals aged 16-74 each quarter. Data is collected through phone interviews and supplemented with demographic data from the national registry. In recent years challenges have arisen due to discrepancies in population counts, as some individuals listed in the national registry do reside abroad. To address this, adjustments have been made using survey data. Last year, a new method incorporating tax and student records was introduced to estimate the population more accurately. This new method revealed that previous estimates overcounted the population by about 4,500 people in the last two years. The new estimates show minor impacts on percentage and average figures.

Hagtíðindi Vinnumarkaðsrannsókn

Statistical Series *Labour Force Survey*

110 árg. ♦ 3. tbl. 6. febrúar 2025

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Ólafur Már Sigurðsson ♦ olafur.m.sigurdsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.